

The Nordic Regenerative Tourism Conference 2025

Regenerative Tourism – Realism or Wishful Thinking?

Ráðstefna Norrænnar nærandi ferðapjónustu, haldin á Siglufirði 12.-13. mars 2025

Íslenski ferðaklasinn, f.h. ráðuneytis ferðamála, hefur frá árinu 2022 leitt norræna verkefnið, Nordic Regenerative Tourism (NorReg). Verkefnið er fjármagnað af Norrænu ráðherranefndinni. . Fræðast má um verkefnið hér: <https://www.norreg.is>

Meginmarkmið verkefnisins er að að innleiða aðferðafræði nærandi ferðapjónustu hjá litlum og örmsáum fyrirtækjum í ferðapjónustu, auk þess að þróa stuðningsleiðir fyrir þau og áfangastaðastofur í þeirri vinnu. Jafnframt hafa sérstök verkfæri og matsaðferðir verið þróuð til að auðvelda fyrirtækjum að vinna með þessi nýju hugtök. Þá hefur verkefnið einnig lagt grunn að aðferðum fyrir stefnumótun opinberra aðila, bæði á sviðið svæðisbundinnar þróunar og heildstæðrar stefnumótunar stjórnvalda, einsog vinna við aðgerðaráætlun um framtíðarsýn ferðapjónustu til 2030 ber vitni um.

Í mars 2025 verður lokaráðstefna verkefnisins NorReg haldin á Siglufirði og á Hólum.

Áhersla verður lögð á að ráðstefnan einkennist af fjörlegum umræðum og skoðanaskiptum. Því er ánægjulegt að hafa fengið Háskólann á Hólum til liðs við skipulagningu og framkvæmd, enda hefur Dr. Jessica Aquino, dósent við háskólann, leitt þátttöku fræðasamfélagsins innan verkefnisins. Í því ljósi er fyrirhugað að annar ráðstefnudaganna fari fram á Siglufirði og hinn á Hólum, þannig að ráðstefnugestir fái tækifæri til að upplifa Norðurland í vetrarbúningi.

Dagskráin mun veita innsýn í forsendur nærandi ferðapjónustu og tengsl hennar og uppruna í öðrum atvinnugreinum, s.s. í landbúnaði og hönnun. Kynnt verða dæmi um starfsemi sem samræmast markmiðum nærandi ferðapjónustu, ásamt því að fjallað verður um leiðir til að tryggja framtíðarsýn þessarar nálgunar í þróun ferðapjónustunna.

Vefsíða ráðstefnunnar veitir nánari upplýsingar: <https://www.norreg.is/conference>

Lykilfyrirlesarar eru fjórir, öll vel þekktir sérfræðingar á sínu sviði:

Debbie Clarke stýrir The Center for GOOD Travel, margverðlaunuðu fyrirtæki sem vinnur að því að umbreyta ferðapjónustunni til góðs fyrir alla. Hún er ástríðufullur talsmaður þess að mannleg og náttúruleg velferð verði kjarni markmiða ferðapjónustunnar.

Bill Reed leiðir Regenesi Group og The Place Fund, þar sem markmiðið er að allar mannlegar athafnir eigi sér stað í sátt við þau lifandi kerfi. sem mannfólkið er hluti af. Hann tók þátt í að þróa LEED Green Building Rating System og hefur verið stjórnarmaður í US Green Building Council frá stofnun þess.

Daniel Bärstchi ólst upp á einum fyrsta lífræna búgarði Sviss og hefur sá bakgrunnur mótað störf hans sem landbúnaðarráðgjafi og verkefnastjóri ýmissa verkefna innan

landbúnaðarins. Hann leiðir núna Bern miðstöðina innan Wyss akademíunnar við háskólann í Bern þar sem sjálfbærar lausnir í landnýtingu eru þróaðar.

Milena Nikolova er sérfræðingur á sviði atferlishagfræði innan ferðaþjónustu og er með alþjóðlegt tengslanet og reynslu á fjórum heimsálfum. Hún hefur unnið að fjölbreyttum verkefnum sem tengjast sjálfbærri þróun ferðaþjónustu, viðskipta- og markaðsþróun, stefnumótun og skipulagi, menntun og fræðslu, auk frumkvöðlastarfs og nýsköpunar. Hún hefur lengi verið í samstarfi við NorReg og hefur hannað, í gegnum fyrirtæki sitt BehaviourSmart, verkfæri sem sérstaklega miða að því að styðja smærri fyrirtæki í ferðaþjónustu í átt að nærandi starfsháttum.

Ráðstefnan um norræna nærandi ferðaþjónustu veitir þátttakendum tækifæri til að deila reynslu og þekkingu og taka þátt í fjörugum skoðanaskiptum. Við hvetjum alla sem hafa áhuga á að tileinka sér nærandi starfshætti í verkefnum sínum innan ferðaþjónustunnar til að sækja ráðstefnuna á Siglufirði í mars.



ÍSLENSKI
FERÐAKLASINN
Iceland Tourism Cluster



NorReg
Nordic Regenerative Tourism



**Nordic Council
of Ministers**